

Stefna Vinagarðs gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi (EKKO) í starfsumhverfi leikskólans

Leikskólinn Vinagarður hefur það að leiðarljósi að vera góður vinnustaður þar sem starfsfólki líður vel. Í Vinagarði er skýr afstaða gegn einelti, áreitni og ofbeldi í öllum aðstæðum og birtingarmyndum á vinnustaðnum, þar sem starfsfólk fer um vegna starfa sinna og á viðburðum sem skipulagðir eru af eða í tengslum við vinnustaðinn.

Stefnan er unnin með hliðsjón af gildandi lagaramma um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (lög nr. 46/1980 og reglugerð nr. 1009/2015). Skammstöfunin EKKO vísar til þeirra fjögurra áhættuþátta sem stefnan nær til sem eru einelti, kynferðislegt áreiti, kynbundið áreiti og ofbeldi.

Meginmarkmið stefnunnar er að koma í veg fyrir EKKO í starfsumhverfinu. Þetta er gert með forvörnum og fræðslu, skýrum verkferlum við ábendingum og kvörtunum ásamt faglegum viðbrögðum við mögulegum brotum á stefnunni.

Skilgreiningar á hugtökum í stefnunni¹

Einelti: Síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi í garð starfsfólks, af hálfu samstarfsfólks, foreldra, barna eða utanaðkomandi, sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður svo sem með því að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi. Dæmi um birtingarmyndir eineltis geta verið baktal, niðrandi ummæli, þöggun eða útilokun. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna telst ekki vera einelti.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun eða tjáning sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðrandi eða móðgandi aðstæðna. Slík hegðun getur líka beinst að hópi fólks s.s. almenn kynferðisleg orðræða. Kynferðisleg áreitni getur verið orðbundin, táknræn (stafræn) og/eða líkamleg. Dæmi um birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni eru dónalegir brandarar, kynferðislegar athugasemdir, augngotur, óviðeigandi snerting eða óvelkomin samskipti á samfélagsmiðli. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni.

Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni eða kyngervi þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi. Áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn (stafræn). Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni.

Ofbeldi: Hegðun sem beinist að starfsfólki og leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður. Þetta geta verið hótun, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis, greinileg ofbeldisverk og önnur hegðun sem veldur réttlætanlegum áhyggjum um öryggi viðkomandi starfsmanns á eða utan við starfsemi vinnustaðarins. Vísbendingar um áformaða hegðun sem réttilega valda ótta eða óöryggi geta fallið hér undir, þ.m.t. rafrænt áreiti, eltiarellahegðun, ógnandi talsmáti eða sjálfsvígstal.

¹ Að mestu byggt á skilgreiningum í stefnu Reykjavíkurborgar frá 2024 gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi í starfsumhverfinu

Fræðsla og forvarnir

Stefnan er aðgengileg öllum, er birt í starfsmannahandbók og á heimasíðu skólans.

Árlega er stefnan kynnt öllu starfsfólki ásamt tilheyrandi verkferlum. Nýtt starfsfólk fær sérstaka kynningu á stefnunni þegar það kemur til starfa.

Jafnréttisáætlun skólans er virk sem og umbótaverkefni tengd henni.

Regluleg fræðsla umræða er með öllu starfsfólki um samskipti á vinnustað. Lögð er áhersla á heilbriggt vinnuumhverfi þar sem hvatt er til opins samtal og skoðanaskipta. Spurt er sérstaklega um EKKO tengd málefni í árlegum starfsmannasamtölum við stjórnendur.

Tilkynningar um EKKO

Kvartanir eða ábendingar um brot gegn EKKO stefnu Vinagarðs skulu berast til stjórnenda leikskólans eða trúnaðarmanna stéttarfélaga á vinnustaðnum. Sé brot þess eðlis að erfitt sé að tilkynna það framangreindum aðilum eða þeir bregðast ekki við tilkynningu er hægt að leita til stjórnar leikskólans eða framkvæmdastjóra KFUM og KFUK. Þess fyrir utan geta stéttarfélög og Vinnueftirlit aðstoðað við tilkynningu mála. Þolandi getur lagt fram kvörtun en einnig getur starfsfólk sem verður vitni að hegðun sem það telur brot á stefnunni lagt fram ábendingu um slíkt.

Sá sem leggur fram kvörtun eða ábendingu skal helst skrá atvikið á sérstakt eyðublað sem er aðgengilegt á starfsmannasvæði í tölvukerfi vinnustaðarins en að öðrum kosti getur móttakandi skráð tilkynninguna.

Viðbrögð

Leikskólastjórar hefja könnun máls eða bera ábyrgð á því að finna til aðila sem er hæfur til að kanna málið. Þolandi getur ávallt óskað eftir því að óháðum aðila sé falið að fjalla efnislega um kvörtun hans.

Þegar atvik hafa verið upplýst þarf að huga að afleiðingum. Huga þarf að þolanda og geranda og eftir atvikum samstarfsfólki eða öðrum í leikskólasamfélaginu. Þolanda skal boðin viðeigandi aðstoð. Unnt er að veita geranda áminningu eða gera breytingar á starfi hans. Sé brot geranda alvarlegt er hugað að brottvikningu.

Mælikvarðar stefnu

Spurningar árlega í starfsmannakönnun

Fylgjast með þróun spurninganna

Skrá fjölda tilkynninga sem berast

Ábyrgðaraðili stefnunnar er leikskólastjóri og stjórn leikskólans. Stefnan skal aðgengileg starfsfólki á íslensku og ensku.